



**SKÓGRÆKTARFÉLAG  
REYKJAVÍKUR**

Stofnað 1901

## **Umsögn Skógræktarfélags Reykjavíkur um áform um atvinnustefnu Íslands**

Skógræktarfélag Reykjavíkur (SR) fagnar því að ráðist sé í heildstæða atvinnustefnu Íslands til ársins 2035. SR er elsta starfandi skógræktarfélag landsins, stofnað árið 1901, og hefur sinnt brautryðjendastarfi á sviði skógræktar, landgræðslu og útivistar í meira en öld. Félagið hefur frá 1950 annast uppbyggingu, vernd og rekstur útivistarsvæðisins Heiðmerkur sem er stærsta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins, auk Esjuhlíða og fleiri svæða.

### **Atvinnusköpun, skógarafurðir og samfélagslegt hlutverk**

Skógarafurðir eru mikilvægur þáttur í hringrásarhagkerfi framtíðarinnar. Timbur getur komið í stað stáls og steypu í byggingariðnaði, bundið kolefni í mannvirkjum til langs tíma og dregið úr innflutningi hráefna. Með því að nota timbur í stað steypu má jafnframt draga verulega úr kolefnislosun í byggingariðnaði. SR rekur einu sögunarmillu höfuðborgarsvæðisins, sem gegnir mikilvægu hlutverki í hringrásarhagkerfi og nýtingu innlands skógarviðar. Skógræktarfélag Reykjavíkur vinnur að verkefninu Gæðafjalir með styrk frá Mannvirkjastofnun sem sýnir hvernig timbur úr Heiðmörk getur orðið hluti af sjálfbærri byggingarhefð. Félagið tekur jafnframt á móti smíðanemum tækniskólans og veitir þeim tækifæri til að kynnast bæði vinnslu og nýtingu íslensks timburs í verki og mikilvægi þess.

Með því að stöðva jarðvegsrof og rækta skóg binst kolefni í vistkerfum og á sama tíma má draga úr innflutningi á steypu og timbri með því að nýta íslenskan við. Þannig sameinast loftslagsmarkmið, jarðvegsvernd og uppbygging sjálfbærs byggingariðnaðar.

Á köldum svæðum eins og Heiðmörk er jafnframt mikilvægt að styðja við orkuskipti með því að nýta aukaafurðir skógarins, svo sem afsag og flís, sem vistvænan orkugjafa. Þannig vill félagsið bæði auka við nýtingu innlendra hráefna og orkuskipti til framtíðar.

Með vaxandi skógi eykst þörf fyrir grisjun og það sem fellur til við grisjun er mikilvægt að huga að sem verðmætri auðlind. Slíkt efni má nýta til orku, í jarðvegsbætandi efni eða sem hráefni í nýsköpun og þannig stuðla að hringrásarhagkerfi þar sem ekkert fer til spillis.

Félagið hefur einnig langa reynslu af móttöku fólks með skerta starfsgetu, m.a. í gegnum samstarf við VIRK og önnur úrræði, þar sem einstaklingar fá tækifæri til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum í náttúrunni. Slík þátttaka hefur margvísleg mannbætandi áhrif

þar sem tengsl við skóginn efla bæði líkamlega og andlega heilsu. Mikilvægt er að styðja við þessi verkefni sem hluta af atvinnustefnu framtíðarinnar.

Eftir efnahagshrunið 2008 stóð SR fyrir umfangsmiklu atvinnuátaki í samstarfi við Reykjavíkurborg, þar sem yfir 100 manns störfuðu við uppbyggingu útivistarsvæða í nágrenni höfuðborgarinnar. Útivistarsvæðin nutu góðs af þessu samstarfi og verkefnum stuðluðu jafnframt að virkni á vinnumarkaði. Þau voru bæði samfélagslega mikilvæg og veittu fólki raunverulegt tækifæri til atvinnu, virkni og endurhæfingar á erfiðum tímum.

Við teljum mikilvægt að atvinnustefna Íslands endurspegli eftirfarandi atriði:

**Grænan vöxt og kolefnisbindingu** Skógar eru grunnstoð í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og geta skapað bæði störf og verðmæti.

**Nýting vistkerfisþjónustu** Heilsuefling, menntun og menning tengd náttúru og útivist þurfa að fá aukið vægi í atvinnustefnu, ekki síður en hefðbundin atvinnugrein.

**Sjálfbær ferðaþjónusta og útivist** Með uppbyggingu innviða í útivistarskógum má styrkja ferðaþjónustu og auka lífsgæði íbúa.

**Samfélagsleg ábyrgð og menningararfur** Atvinnustefnan þarf að viðurkenna hlutverk félagasamtaka eins og Skógræktarfélags Reykjavíkur í því að tengja saman samfélag, náttúru og atvinnusköpun.

**Hringrásarhagkerfi og byggingariðnaður** Með markvissri stefnu um nýtingu innlands timburs er hægt að styðja við sjálfbæran byggingariðnað, kolefnisbindingu í mannvirkjum og nýsköpun á sviði vistvænnar hönnunar.

**Orkuskipti með nýtingu skógarafurða** Með stuðningi við nýtingu aukaafurða má efla orkuskipti og draga úr innflutningi jarðefnaeldsneytis.

**Grisjun sem verðmæti** Efni sem fellur til við grisjun þarf að virkja sem auðlind, bæði til orkuvinnslu og nýsköpunar.

Skógræktarfélag Reykjavíkur leggur áherslu á að skógrækt, sjálfbær nýting skóganna og samfélagsleg áhrif hennar verði hluti af framtíðar atvinnustefnu Íslands. Reynslan sýnir að uppbygging útivistarsvæða, nýting skógarauðlinda og félagsleg ábyrgð geta á sama tíma skapað störf, bætt lífsgæði, skipt máli í loftslagslegu tilliti Íslands og styrkt sjálfbæran vöxt.

Heiðmörk þann 26.08.2025

Fyrir hönd Skógræktarfélags Reykjavíkur

Auður Kjartansdóttir framkvæmdarstjóri